

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 55

3. árgangur

21.11.1996

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

96/EES/55/01	Tilmæli eftirlitsstofnunar EFTA nr. 86/96/COL frá 10. júlí 1996 um samræmda eftirlitsáætlun um opinbert matvælaeftirlit fyrir árið 1996.....	1
96/EES/55/02	Auglýsing samkvæmt 9. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum.....	3
96/EES/55/03	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 11. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 1b í XV. viðauka við EES-samninginn - Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum.....	3
96/EES/55/04	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 11. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 1b í XV. viðauka við EES-samninginn - Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum.....	4
	3. EFTA-dómstóllinn	
96/EES/55/05	Beiðni um ráðgefandi álit frá Borgarting lagmannsrett samkvæmt úrskurði frá 21. júní 1996 í máli Ullensaker kommune o.fl. gegn Nille AS.....	5

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin
3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Tilmæli eftirlitsstofnunar EFTA

96/EES/55/01

nr. 86/96/COL

frá 10. júlí 1996

um samræmda eftirlitsáætlun um opinbert matvælaeftirlit fyrir árið 1996

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af EES-samningnum, einkum 109. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól, einkum b-lið 2. mgr. 5. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í 50. lið XII. kafla í II. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 89/397/EBE frá 14. júní 1989 um opinbert matvælaeftirlit⁽¹⁾), einkum 3. mgr. 14. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til að tryggja snurðulausa starfsemi Evrópska efnahagssvæðisins (EES) er nauðsynlegt að kveða á um samræmdar áætlanir um matvælaeftirlit innan þess.

Slíkar áætlanir leggja áherslu á framfylgd gildandi laga um matvæli samkvæmt EES-samningnum, verndun almannaeilbrigðis, hagsmuni neytenda og heiðarleg viðskipti.

Með því að hrinda innlendum og samræmdum áætlunum samtíma í framkvæmd er unnt að afla upplýsinga og reynslu til að byggja á frekara eftirlit.

Liechtenstein ber að fara að ákvæðum gerðanna sem um getur í XII. kafla í II. viðauka við EES-samninginn fyrir 1. janúar 2000. Liechtenstein skal eftir megni leitast við að fara að ákvæðum gerðanna sem um getur í þeim kafla fyrir 1. janúar 1997. Því eiga þessi tilmæli ekki við um Liechtenstein árið 1996.

Hinn 7. nóvember 1995 var haft samráð við Noreg og Ísland innan fastanefndar EFTA um matvæli sem er eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

1. Mælt er með að árið 1996 taki Noregur og Ísland sýni og/ eða hafi eftirlit með eftirfarandi, og láti fara fram greiningu á rannsóknarstofu þar sem við á:

a. Örverufræðilegu mati á þurrkuðu og súrsuðu tilreiddu kjöti og kjötafurðum.

b. Flæði mýkiefna í matvæli.

c. Hitastigi kældra matvæla sem seld eru í smásölu.

d. Bensó(a)pýreni í reykum svínakjötsafurðum.

2. Mælt er með samræmdri eftirlitsáætlun fyrir Noreg og Ísland, sbr. 3. mgr. 14. gr. gerðarinnar sem um getur í 50. lið XII. kafla í II. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 89/397/EBE frá 14. júní 1989 um opinbert matvælaeftirlit). Samráð hefur verið haft við Noreg og Ísland um þessi mál.

3. Þar sem við á er lögð til greiningaraðferð fyrir hvert viðfangsefni. Hvað varðar sýnatöku hefur enginn samræmdur fjöldi verið ákveðinn. Fjöldi sýna skal vera nægjanlegur til að unnt sé að fá yfirlit yfir markaðinn fyrir viðkomandi matvæli í Noregi og á Íslandi.

4. Tilgreina ber fjölda sýna og greiningaraðferðir sem eru notaðar og þeim lýst í stuttu máli.

I. Örverufræðilegt mat á þurrkuðu og súrsuðu tilreiddu kjöti og kjötafurðum

Þurrkað og súrsað tilreitt kjöt og kjötafurðir sem sýni eru tekin úr á smásölustigi falla undir þennan hluta áætlunarinnar. Örverufræðileg rannsókn skal fara fram á sýnunum til að kanna tilvist *Salmonellae*, *E. Coli* 0157:H7 og talning á *Staphylococcus aureus*. Tilgreina skal pH-stig varanna, vatnsvirkni (Aw). Niðurstöðurnar skal skrá í þrjá flokka: þurr og hálfþurr pylsa, óþurrkuð pylsa og hrá skinka.

II. Flæði mýkiefna

Mýkiefni (t.d. fosfóresterar, ftalatesterar, sterín- og adipesterar) eru notuð til mýkingar á plastefnum, þar með töldum efnum sem komast í snertingu við matvæli. Vitað er að þessi efni eiga stóran þátt í heildarflæði efna úr mýktum plastefnum í matvæli/matvælalíki. Markmið þessa þáttar áætlunarinnar er að meta hvort mýkt efni sem notuð eru í snertingu við matvæli uppfylli skilyrði um hámarks magn sem kveðið er á um í 52. lið XII. kafla í II. viðauka við EES-samninginn (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 90/128/EBE frá 23. febrúar 1990 um plastefni og -hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli).

III. Eftirlit með hitastigi kældra matvæla sem seld eru í smásölu

Í gerðinni sem um getur í lið 54j í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 93/43/EBE frá 14. júní 1993 um hollustuhætti í matvælaíðnaði) er þess krafist að matvæli sem kunna að stuðla að vexti sjúkdómsvaldandi örvera eða myndun eitrefna séu geymd við rétt hitastig þannig að heilsu manna stafi ekki hættu af. Þessi þáttur áætlunarinnar miðar að því að ákvarða með nákvæmum hitamælíbúnaði hitastig eftirtalinna fjögurra matvælaflokka á smásölustigi:

1. kældra soðinna matvæla sem ætluð eru til neyslu án frekari upphitunar,
2. kældra soðinna matvæla sem eingöngu þarf að hita upp fyrir neyslu (ekki full suða),
3. hrárra tilreiddra matvæla til neyslu eftir fulla suðu,
4. hrárra tilreiddra matvæla sem neyta á hrá.

Hitastig ber að mæla þar sem því verður við komið með aðferðum sem ekki skemma matvælin.

IV. Bensó(a)pýren í reyktum svínakjötsafurðum

Gerðin sem um getur í 44. lið XII. kafla í II. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 88/388/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um bragðefni til notkunar í matvælum og grunnefni til framleiðslu þeirra) takmarkar hámark reykingarbragðefnisins 3,4-bensóþýrens við 0,03 mg/kg í matvælum. Þessi þáttur eftirlitsáætlunarinnar er að meta magn bensó(a)pýrens í reyktum svínakjötsafurðum.

Gjört í Brussel 10. júlí 1996

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

Knut Almestad
forseti

Björn Friðfinnsson.
stjórnarmaður.

(¹) Stjttíð. EB nr. L 186, 30. 6. 1989, bls. 23.

Auglýsing samkvæmt 9. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 96/EES/55/02 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum

Afgreiðslutímar hafa verið teknir frá á Fornebu-flugvelli í Ósló fyrir flugþjónustuna milli Óslóar og Helgelands- flugleiðasvæðisins, og Óslóar og flugleiðasvæðisins Sogn og Fjordane.

Afgreiðslutímar í notkun á Fornebu-flugvelli í Ósló á þessum leiðum meðan reglubundið flug stendur yfir sumarið 1996 og veturinn 1996/97 eru fráteknir fyrir samsvarandi tímabil fyrir reglubundið flug síðar.

Afgreiðslutímar í notkun sumarið 1996 hafa verið birtir í tengslum við ákvörðun um skyldur um opinbera þjónustu á viðkomandi leiðasvæðum.

Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins 96/EES/55/03 og 11. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið b í XV. viðauka við EES-samninginn

Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum

Ákvörðunin var samþykkt þann	19. 6. 1996	Fjárveiting:	400 milljón NOK fyrir samninga sem gerðir eru árið 1996.
EFTA-ríki:	Noregur	Umfang aðstoðar:	Fyrir smíði skipa sem eru a.m.k. 100 brúttótonn: 9% fyrir skip ef smíðasamningur er 10 milljón ECU eða meira, 4,5% fyrir skip ef smíðasamningur er undir 10 milljón ECU, 4,5% fyrir meiriháttar endurbætur á skipum sem eru a.m.k. 1000 brúttótonn.
Aðstoð nr.:	95-002		Lánsábyrgðir innan marka OECD-samningsins um útflutningslán fyrir skip. Samkomulag um útflutningslánsábyrgðir fyrir skip
Titill:	Framlenging á fyrirliggjandi ríkisstyrkjum til skipasmíðaiðnaðarins: Styrkir vegna skipasmíða, nýsmíða og endurbóta á skipum, útflutningslánsábyrgðir fyrir skip (sem veittar eru af Garanti-Instituttet for Eksportkreditt (GIEK), lánsábyrgðir fyrir skipasmíðar.	Gildistími:	Gildir um nýja bindandi samninga sem gerðir eru frá 1. janúar 1996 og þar til OECD-samningurinn um eðlileg samkeppnisskilyrði í skipasmíðum og viðgerðum öðlast gildi og til 30. september 1996 í síðasta lagi, að því tilskildu að afhending fari fram eigi síðar en 31. desember 1998.
Markmið:	Samningstengdur framleiðslustyrkur til skipasmíða.		
Lagalegur grunnur:	Fyrirmæli frá konunglega iðnaðar- og orkumálaráðuneytinu frá 6. 2. 1996 („Føresegner for statleg støtte ved kontrahering av skip“). Hvað varðar ábyrgðir GIEK og lánsábyrgðir fyrir skipasmíðar: árleg fjárhagsáætlun ríkisins.		

Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins 96/EES/55/04 og 11. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 1b í XV. viðauka við EES-samninginn

Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum

Ákvörðunin var samþykkt þann:	3. 7. 1996
EFTA-ríki:	Noregur
Aðstoð nr.:	96-003
Titill:	Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð til skipaviðgerðarstöðvarinnar A/S Lofoten Sveiseindustri
Markmið:	Svæðisbundin fjárfestingaraðstoð til skipaviðgerðariðnaðarins
Lagalegur grunnur:	Aðstoð veitt samkvæmt nógildandi áætlunum um byggðastyrki: Lög nr. 97 frá 3. júlí 1992 um Norska iðn- og byggðapróunarsjóðinn (Statens nærings- og distriktsutviklingsfond „SND”) og framkvæmdarreglugerðum
Form aðstoðar:	Svæðisbundnir fjárfestingarstyrkir frá SND að fjárhæð 160 000 NOK og svæðisbundið áhættulán frá SND að fjárhæð 150 000 NOK; aðstoðarþáttur metinn á 45 000 NOK
Styrkleiki aðstoðar:	Samanlagt 25,6% af styrksígildi eftir skatta

EFTA DÓMSTÓLLINN

Beiðni um ráðgefandi álit frá Borgarting lagmannsrett samkvæmt 96/EES/55/05 úrskurði frá 21. júní 1996 í máli Ullensaker kommune o.fl. gegn Nille AS.

(Mál E-5/96)

Beiðni hefur verið send EFTA-dómstólnum samkvæmt úrskurði Borgarting lagmannsrett, Noregi, frá 21. júní 1996, sem barst skrifstofu dómstólsins 26. júní 1996, um ráðgefandi álit í máli Ullensaker kommune o.fl. gegn Nille AS, um eftirfarandi spurningu:

Ber að skilja 11. gr. í EES-samningnum, með hliðsjón af 13. gr., svo að hún banni bæjarfélagi að synja um leyfi fyrir smásölu á áteknum myndböndum á þeim rökum að slíka heimild skuli eingöngu veita verslunum sem flokkast undir sérverslanir fyrir átekin myndbönd og/eða að fagþekkingu verði að byggja upp hjá viðurkenndum dreifiaðilum?